

Sp.

83. Tillaga til þingsályktunar

[51. mál]

um framkvæmdaáætlun um hafnargerðir og endurskoðun hafnarlaga.

Flm.: Magnús Jónsson, Sigurður Bjarnason, Sigurður Ágústsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta í samráði við vitamálastjóra gera áætlun um nauðsynlegar hafnargerðir í landinu á næstu árum. Verði jafnframt gerðar tillögur um fjáröflun til þessara framkvæmda, athugað, að hve miklu leyti viðkomandi sveitarfélög geti staðið stráum af lánnum til nauðsynlegra hafnarbóta, og í því sambandi endurskoðuð gildandi lagaákvæði um skiptingu kostnaðar við hafnargerðir milli ríkis og sveitarfélaga svo og ákvæðin um landshafnir og önnur þau atriði laga um hafnargerðir og hafnarbótasjóð, er ástæða þykir til að breyta með hliðsjón af fenginni reynslu og til samræmis við aðrar niðurstöður athugunar þessarar.

Greinargerð.

Hafnargerðir í kaupstöðum og kauptúnum landsins eru meðal hinna mikilvægustu framkvæmda, sem árlega er unnið að, og þótt oft séu gerð veruleg átök í þessu efni, miðar þó jafnan umbótum á þessu sviði mun hæggar en nauðsynlegt væri. Viðunandi hafnir eru ekki aðeins veigamikil forsenda samilegrar afkomu fólks við sjávarsiðuna, heldur einnig mikilvægur þáttur efnahagslegs öryggis þjóðarheildarinnar. Sá kaupstaður eða þorp við sjávarsiðuna, sem ekki getur eignast samilega höfn, á sér enga framtíð. Af þessum sökum eru hafnarmálin víða meðal stærstu vandamála, sem sveitarstjórnir eiga við að glíma.

Samkvæmt lögum um hafnargerðir og lendingarbætur er ákveðið, að ríkissjóður greiði helming eða $\frac{2}{5}$ hluta kostnaðar við hafnargerðir eftir ákveðnum reglum. Er árlega veitt fé í fjárlögum til greiðslu kostnaðarhluta ríkissjóðs. Þörf framkvæmda við hafnargerðir hefur þó verið svo mikil, að árleg fjárveiting hefur ekki nægt til að greiða hluta ríkissjóðs, og skuldar nú ríkissjóður ýmsum sveitarfélögum stórfé.

Með lögnum um hafnarbótasjóð frá 1943, sem sjálfstæðismenn beittu sér fyrir, var stigið mikilvægt spor til þess að greiða fyrir hafnargerðum á þeim stöðum, þar sem þörfin var einkum talin aðkallandi. Hafa mörg byggðarlög notið góðs af hafnarbótasjóði, þótt fjárráð sjóðsins hefðu þurft að vera meiri og nauðsyn aukins starfsfjár sjóðsins því meiri sem kostnaður við hafnargerðir fer sívaxandi.

Kröfurnar um auknar hafnarbætur verða sífellt háværi, og voru áætlaðar hafnargerðir á þessu ári, er taldar voru kosta nær 60 millj. kr. Verði framkvæmdir svo miklar, nægir fjárveitingin í ár ekki einu sinni til að greiða helming lögákvæðins framlags ríkissjóðs. Mun því víða verða þröngt fyrir dyrum um fjárgreiðslur, því að næstum ógerlegt er nú orðið fyrir sveitarfélögin að fá nokkurs staðar lán.

Ekkert sveitarfélag leggur út í kostnaðarsama hafnargerð nema af brýnni nauðsyn, og víða stendur svo á, að ógerlegt er að hætta við hálfgerð verk. Með hliðsjón af hinum miklu örðugleikum við að afla fjár til þessara mikilvægu framkvæmda virðist ljós nauðsyn þess, að ríkisstjórnin hafi forgöngu um að rannsaka, hvað hér er um stórt viðfangsefni að ræða. Þarf því í senn að gera sér grein fyrir, hvaða hafnargerðum þarf að vinna að, t. d. næstu fimm árin, og hverjar leiðir séu tiltækar til þess að afla nauðsynlegs fjár til framkvæmdanna. Án aðgerða af hálfu ríkisvaldsins má gera ráð fyrir fullkomnu öngþveiti í þessum málum.

Samhliða þessu verkefni er orðið tímabært að endurskoða ákvæði hafnarlaga um skiptingu kostnaðar við hafnargerðir milli ríkis og sveitarfélaga. Er nú svo komið, að ríkissjóður verður í vaxandi mæli að greiða ábyrgðarlán vegna hafnargerða, þar eð viðkomandi sveitarfélög brestur getu til að standa undir lánunum. Aðstaða hafnanna til tekjuöflunar er mjög mismunandi, og er tilgangslaust að leggja á þær hærri stofnkostnað en þær fá undir risið.

Í sambandi við þessa athugun á hafnarmálunum er eðlilegt að íhuga sérlög um tvær landshafnir, sem ríkið stendur stráum af að öllu leyti. Hlýtur að koma til álita, hvort ekki ættu fleiri hafnir að njóta hliðstæðrar aðstoðar.

Við athugun á fjárhagshlið hafnargerðanna hljóta lögin um hafnarbótasjóð og árlegar fjárveitingar í fjárlögum að koma til athugunar og endurskoðunar.